

## 84. fundur

Skólanefnd Tónlistarskólans hélt fund mánudaginn 8. júlí 2002 kl. 18:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Elísabet Lára Björgvinsdóttir, Sævar Harðarson, Margrét Ásgeirsdóttir, Sigrún Jónsdóttir og Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri.

1. Bæjarstjóri setti fund kl. 18:00.
2. Kynnt voru drög að erindisbréfi fyrir skólanefndina. Nefndin á að kynna sér innihald erindisbréfsins.
3. Starfið framundan.  
Sigrún fór yfir sín mál og kom fram að hún færi í veikindafrí og gert er ráð fyrir að það verði til áramóta.  
Rætt var um hvernig hægt væri að brúa þetta bil fram að áramótum.  
Rætt var um kennaramál og kennslu á komandi vetri og þá nemendur sem eru á biðlista og hvernig eigi að leysa þau mál. Biðlisti er aðallega eða eingöngu píanónemendur.

Ákveðið er að fá kennara tónlistarskólans til að stilla upp sinni kennslu og fara svo yfir það sem upp á vantar. Í framhaldi af því hvernig staðið verði að stjórnunarstarfi skólans fram að áramótum.

Samþykkt var að halda fund einu sinni í mánuði og yrði hann haldinn síðasta þriðjudag í mánuði.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið kl. 18:50.

Sævar Harðarson (sign.),  
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),  
Sigrún Jónsdóttir (sign.),  
Margrét Ásgeirsdóttir (sign.),  
Óli Jón Gunnarsson (sign.).

Íhs.